

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

16. febrúar 2016

**Mál: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB), 456. mál.**

Samtök atvinnulífsins kiluðu umsögn um drög að þessu frumvarpi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í október sl. Umsögnin hér að neðan er að stærstum hluta samhljóða þeirri umsögn.

Samtökin telja mikilvægt að við innleiðingu tilskipana ESB sé þess gætt að leggja ekki frekari kröfur á íslensk fyrirtæki en felast í viðkomandi tilskipun án þess að því fylgi ítarlegur og greinargóður rökstuðningur ásamt því að meta áhrif hinna auknu krafna. Í tilvikum eins og því sem hér um ræðir er gott að skilgreindar séu í greinargerð þær lágmarkskröfur sem í tilskipuninni felast og þær séu útgangspunktur fyrir frekari umfjöllun. Gerð verði grein fyrir því a) ef reglubyrði er þyngd frá grunnkröfum, b) ef ætlunin er að innlend lagaákvæði hafi víðara gildissvið en tilskipunin, c) ef ekki eru nýtt undanþáguákvæði tilskipunarinnar, d) ef ætlunin er að halda í lagaákvæði sem fyrir eru og eru meira íþyngjandi en tilskipunin gerir ráð fyrir, e) ef ætlunin er að innlend lagaákvæði nái út fyrir gildissvið tilskipunarinnar og f) ef ætlunin er að viðurlög og eftirlit séu meira íþyngjandi en lágmarkskröfur tilskipunarinnar.

Samtökin óska þess að breytt verði nokkrum atriðum í frumvarpinu þar sem gengið er lengra en tilskipun 2013/34/ESB segir til um.

Í fyrsta lagi er skilgreiningin á örfyrirtæki þrengd verulega frá tilskipuninni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að örfyrirtæki fari ekki yfir tvenn mörk af þremur þ.e að efnahagurinn sé 20 mkr. eða lægri, að velta sé 40 mkr. eða lægri og að meðalfjöldi ársverka sé 3 eða færri. Í tilskipuninni eru þessi mörk 52,5 mkr. fyrir efnahag, 105 mkr. fyrir veltu og 10 starfsmenn eða færri.


Ekki verður séð hvers vegna skilgreining á örfyrirtæki er þrengd en fram kemur að 80% félaga hér á landi muni teljast örfyrirtæki sem lýsir reyndar vel efnahagslífinu hér. Reyndar er minnst á að ef miðað væri við mörkin í tilskipuninni myndu 90% fyrirtækja teljast örfyrirtæki. Ekkert kemur fram um hver

ávinningurinn er af breytingunni frá tilskipuninni né hvaða markmiðum ætlunin er að ná. Samtökin telja eðlilegt að sömu mörk gildi fyrir örfyrirtæki og gert er ráð fyrir í tilskipuninni og að enn fleiri félög njóta hins einfaldara kerfi sem ráð er fyrir gert að koma upp samkvæmt frumvarpinu.

Í öðru lagi telja Samtök atvinnulífsins allt of langt gengið í því að gera litlum fyrirtækjum og örfyrirtækjum að skila reikningum sínum til opinberrar birtingar. Samtökin leggja áherslu á að örfyrirtæki og lítil fyrirtæki falli undir grein 31.1. í tilskipuninni þar sem heimilað er að þau skili ekki reikningum sínum til opinberrar birtingar. Hafa verður í huga að hér er um að ræða umfangslítinn rekstur þar sem aðrir en þeir sem að rekstrinum standa hafa hverfandi hagsmuni af því að hafa opinberan aðgang að opnum ársreikningum. Einnig er rétt að benda á að oft er um að ræða lítil fjölskyldufyrirtæki þar sem birting ársreiknings jafngildir nánast því að skattframtöl einstaklinga séu gerð opinber. Hagsmunir samfélagsins eru að hvetja til stofnunar nýrra fyrirtækja þar sem fólk leggur fram fé og fyrirhöfn og nýtur þess ef vel gengur, og ber einnig áhættuna af rekstrinum sjálft. Þessum fyrirtækjum ber að sjálfsögðu að skila skattframtali og standa skil á sköttum og gjöldum en síst þurfa þessi fyrirtæki á að halda óþarfa upplýsingagiöf þar sem hver sem er getur öðlast nánast fulla innsýn í rekstur örfyrirtækisins, markað þess og þróun. Eins er óþarfi að samkeppnisaðilar geti rýnt rekstrarreikninga keppinauta sinna sem getur valdið tjóni bæði litlu fyrirtæki sem er að stíga sín fyrstu skref og eins viðskiptavinum með því að samkeppni geti orðið minni en ella.

Í þriðja lagi telja samtökin viðurlagaákvæði frumvarpsdraganna ganga allt of langt gagnvart litlum fyrirtækjum og örfyrirtækjum bæði þeim sem starfandi eru á hverjum tíma og þeim sem í dvala kunna að liggja. Það er allt of langt seilst að ætla að krefjast gjaldþrotaskipta á fyrirtækjum sem ekki skila ársreikningi til opinberrar birtingar. Ekki verður séð hver ávinningur ríkisins eða samfélagsins af slíkri ráðstöfun geti orðið. Það er fullkomlega eðlilegt að mörg lítil fyrirtæki og örfyrirtæki telji það andstætt sínum hagsmunum að birta ársreikninga sína opinberlega. Hafa verður í huga að fyrirtækin eru gjaldfær og í þeim kunna að vera eignir. Að grípa fram fyrir hendur eigenda um ráðstöfun eigna sinna er gríðarlegt inngríp af hálfu stjórnvalda sem eðlilegt er að verði skoðað mun nánar. Eðlilegt er að krefjast þess að stærri og jafnvel meðalstór fyrirtæki birti reikninga sína og þá þurfa að vera til staðar ákvæði til að bregðast við ef ekki er skilað. Ákvæðin verða hins vegar að vera í samræmi við tilefnið.

Virðingarfyllt,



forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs